

Stjórnarfundur STEFs 5. júní 2020

Fundargerð - útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs föstudaginn 5. júní 2020 og hófst hann kl. 11:00.

Mættir voru: Bragi Valdimar Skúlason (formaður), Þórunn Gréta Sigurðardóttir, Sigurður Flosason, Sigríður Thorlacius, Hallur Ingólfsson, Páll Ragnar Pálsson og Hildur Kristín Stefánsdóttir. Að auki sat Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjórinn fundinn.

Dagskrá fundarins var lögð fram.

Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 22. maí og 23. maí og útdrættir úr fundargerðunum voru samþykktar.
2. Fundargerð aðalfundar fulltrúaráðs frá 23. maí, lögð fram til kynningar. Engar athugasemdir komu fram.
3. Framkvæmdastjóri fór yfir nokkur atriði milli stjórnarfundar, en að þessu sinni var ekki lagt fram skriflegt yfirlit. Sérstaklega var rætt um IHM og rökstuðning STEFs fyrir stærri hlutdeild af tekjum IHM. Einnig var gerð grein fyrir umræðum innan Samtóns hvað varðar hugsanlega útvíkkun aðildar að Samtóni, sem og skýrslu tónlistargeirans um áhrif COVID-19 á geirann.
4. Stefnumótun stjórnar
Formaður gerði grein fyrir stefnumótun stjórnar frá 20. maí s.l. og því hvernig hún getur nýst nýrri stjórn STEFs. Var stjórn sammála um áhersluþætti sem þar komu fram. Ímynd, samningar, tekjustofnar og sameining aðildarfélagar. Rætt var um að stjórn myndi skoða aftur þessa stefnumótun eftir u.þ.b. ár.
5. Verklagsreglur stjórna Nótasjóðs og Upptökusjóðs
Rætt var um þær gagnrýnisraddir að erfitt væri fyrir nýliða að fá styrki úr sjóðunum og að núverandi verklagsreglur væru hindrun að þessu leyti. Í þessu sambandi ákvað stjórn STEFs að beina því til stjórna sjóðanna að endurskoða verklagsreglurnar að tvennu leyti; annars vegar hvað varðar þá grein í reglum Upptökusjóðs að almennt skuli ekki veita styrki til annarra en þeirra höfunda sem hafa á síðustu árum fyrir úthlutun fengið úthlutað sem nema að lágmarki kr. 100.000 á ári. Hefur framkvæmdin verið sú, að einungis hefur verið litið til síðasta árs, en eðlilegra væri að líta til aðeins fleiri ára, þar sem tekjurnar geta verið sveiflukenndar á milli ára. Hins vegar var því beint til beggja sjóða að úthluta tilteknum hluta til nýliða (t.d. allt að 10%) og að slíkir styrkir yrðu auglýstir sérstaklega. Framkvæmdastjóri mun koma þessum ábendingum áleiðis til stjórna sjóðanna.

6. Tilnefningar í ráð og nefndir

Lagt er fram skjal er sýnir hvaða nefndir um er að ræða og hver skipan þeirra er í dag. Engar breytingar voru gerðar á skipan að svo komnu. Ljóst er þó að skipa þarf fljótlega nýja aðila í stjórn Tónskáldasjóðs RÚV og STEFs, en núverandi fulltrúar STEFs í stjórninni tóku að sér að sitja í ár til viðbótar, þar sem verið væri að skipta um útvarpsstjóra, þannig að þekking varðandi afgreiðslu nefndarinnar glataðist ekki.

7. Bréf til mennta- og menningarmálaráðuneytis vegna flutnings tónlistar í fræðslustarfsemi

Drög að nýju bréfi voru lögð fram, auk þess sem lagt var fram eldra bréf um sambærilegt efni frá árinu 2014. Samþykkt var að senda bréfið út til ráðuneytisins óbreytt.

8. Kynjagreiðing STEFs 2020

Kynjagreiðingin var lögð fram og kynnt stjórn. Sýnir hún að tekjur kvenna sem höfunda eru ekki að hækka á milli ára. Hins vegar sýnir hún einnig að nýskráningum verka eftir konur er að fjölga.

9. Drög að fundardögum stjórnar og fulltrúaráðsfunda fram til næsta aðalfundar lögð fram. Drögin voru samþykkt.

10. Önnur mál

a) Undirrituð var tilkynning til RSK um nýja stjórn samtakanna.

b) Tekin var ákvörðun um það hver yrði verðlaunahafi Langspilsins 2021.

c) Framkvæmdastjóri upplýsti að STEF muni halda hefðbundna tónleika á Menningarnótt og hverjir munu koma fram á tónleikunum.

d) Formaður nefndi umræðu innan BÍL um listamannalaun og hvernig þau skiptast á milli listgreina. Hafin væri nú fyrir alvöru umræða um að endursemjja um þá skiptingu og í samræmi við fjölda umsókna um launin.

Ekki voru fleiri mál fram borin.

Fundi slitið kl. 13:00